

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 02 - 2021

Staður: TEAMS

Tími: Miðvikudagur 24. febrúar 2021 kl 12:30-14:30

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ágústa Rut Haraldsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson (ritar), Jón Kristófer Arnarson og Torfi Jóhannesson. Halldór Þorgeirsson og Guðveig Lind Eyglóardóttir voru forfölluð.

Gestir fundar: Theódóra Ragnarsdóttir undir lið 1, Álfheiður Marínósdóttir undir lið 2 og Áshildur Bragadóttir undir lið 3.

1. Áætlun 2021 [kynning og umræður 12:30-13:00]

Rekstrarstjóri kynnti stöðu fjármála og áætlun 2021. Gert er ráð fyrir að gjöld 2021 verði 2.168 milljónir, samanborið við 1.917 millj. 2020, tekjur 2021 eru áætlaðar 2.086 milljónir samanborið við 1.717 millj. 2020. Gert er ráð fyrir 81 millj. halla 2021 samanborið við 200 millj. árið 2021. Inneign Lbhí hjá ríkissjóði er þar með uppurin. Gera má ráð fyrir að áætlunina þurfi að taka upp á miðju ári vegna breytinga er snerta garðyrkjunámið. Nú kom ANR framlagið (216 millj.) inn í heilu lagi strax í byrjun fjárlagagerðar, sem er jákvæð breyting frá því sem verið hefur. Tekjuauki skýrist líka af auknum sértekjum og auknum nemendafjölda. Mikil óvissa er í áætlunum um ferðakostnað á árinu vegna Covid-19.

2. Starf kennsluskrifstofu og kennsluáætlun 2021-2022 [kynning, umræður og afgreiðsla 13:00-13:20]

Kennslustjóri kynnti starf kennsluskrifstofu og tillögu að kennsluáætlun 2021-2022. Rétt um 4 ársverk eru á kennsluskrifstofu, og verkefnin mjög fjölbreytt, mikil þjónusta við nemendur, kennara og samfélagið. Canvas kennslukerfið var innleitt í haust, og Inspira prófakerfið sömuleiðis. Þetta og ýmislegt fleira er varðar fjarnámslausnir hefur gengið vel, sem hefur haft geysilega mikla þýðingu nú á tímum heimsfaraldurs. Nýtt skjalakerfi var tekið upp frá áramótum. Kennslustjóri kynnti tillögu að kennsluáætlun 2021-2022. Þessi drög verða einnig kynnt nemendum, og formleg afgreiðsla verður á næsta fundi háskólaráðs. Háskóladagurinn er nú á laugardaginn og mikill undirbúningur er fyrir hann. Kynningin, sem verður í beinu streymi, á fyrst og fremst að snúast um BS-námið að þessu sinni. Kennslustjóri fór einnig yfir muninn á námskrám og kennsluskrá, og gaf stutt yfirlit um stöðu einstakra námsbrauta.

3. Endurmenntun [13:20-13:45]

Endurmenntunarstjóri Áshildur Bragadóttir (sem nú leysir af Guðrúnu Lárusdóttur) kynnti stöðu endurmenntunar Lbhí. Vegna Covid voru færri námskeið fram að áramótum, en eftir áramót voru námskeið sett í gang, með fjöldatakmörkunum. Aðsókn hefur verið góð miðað við aðstæður. Endurmenntunarstjóri hefur verið að fara yfir rekstur námskeiðanna og gert ákveðnar breytingar varðandi verðlagningu námskeiðanna, innheimtumál, kostnað og fleira. Áshildur telur æskilegt að hafa fagráð á bak við endurmenntunardeildina, sem brautarstjórar gætu m.a. komið að.



4. Starfsmenntanám í garðyrkju – vinna við þarfagreiningu og samning við FSu og MNR [kynning og umræða 13:45-14:15]

Rektor fór yfir stöðu mála. Haldinn var fundur á Reykjum miðvikudaginn 17. febrúar með góðri þáttöku starfsfólks og nemenda á Reykjum og stjórnendum FSu. Aðstöðumál á Reykjum hafa verið í skoðun, rektor telur að ekki þurfi að vera neinir árekstrar milli aðstöðuþarfar FSu vegna kennslu og Lbhí vegna rannsókna. Starfsfólk á Reykjum vill að FSu taki yfir staðarhald á Reykjum, en það hefur ekki verið upplegg Lbhí. Sigurður Sigursveinsson hefur verið ráðinn af MNR sem verkefnisstjóri til að hafa umsjón með ferlinu. Jón Kristófer telur að starfsmönnum á Reykjum og forsvarsmönnum atvinnulífsins sé haldið of mikið utan við málin enn sem komið er. Bindur vonir við að samráð verði meira með tilkomu verkefnisstjórans. Jón las upp ályktun starfsfólks og nemenda á Reykjum sem lögð var fram á fundinum 17. febrúar og varðar staðarhald á Reykjum, óskir um meira samráð og brýningu um að vel verði haldið utan um garðyrkjunámið á meðan breytingarnar eru að ganga í gegn.

5. Mál til fróðleiks og næsti fundur [14:15-14:30]

Fæðuöryggisskýrsla var vel kynnt og vel tekið og verður mikilvægt skjal í aðgerðaáætlun sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fram.

Stjórnendabjálfunarnámskeiði og námskeiði fyrir starfsmenn um 7 venjur er lokið, en vinnunni verður haldið áfram með stjórnendateyminu og starfsmönnum.

Ágústa Rut sat sinn síðasta fund þar sem ný stjórn nemendafélagsins er tekin við. Ágústu er þakkað gott samstarf í háskólaráði.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 24. mars kl. 12:30.

